


Miró

úr safni MAEGHT



úr safni MAEGHT

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTAÐIR

MAÍ - JÚLÍ 1992

Á forsíðu

UNG STÚLKA Á FLÓTTA
1968


Litað brons
135x60x35 sm

Reykjavíkurborg er það bæði ánægja og heiður að bjóða til þessarar sýningar á verkum spænska málarans Joan Miró í tilefni Listahátíðar 1992.

Joan Miró er eins og kunnugt er í flokki fremstu myndlistarmanna 20. aldarinnar og hefur markað sín spor í sögu myndlistarinnar á veraldarvísu. Með þessari sýningu gefst okkur hér á Íslandi tækifæri til að kynnast því besta sem þar er völ á og finna um leið hvernig hinn alþjóðlegi menningarheimur færist skrefi nær.

Ég vil þakka öllum sem hafa stuðlað að því að gera þessa sýningu að veruleika hér að Kjarvalsstöðum og vona að landsmenn kunni vel að njóta.

Fyrir hönd Menningarmálanefndar Reykjavíkur
Hulda Valtýsdóttir



JOAN MIRÓ
1893-1983

VÖLUNDARHÚS DRAUMA

Allt frá því að Maeght-safnið var opnað árið 1964 hefur Joan Miró laðað til sín, í þennan andófsheim sinn, með óendanlegum leik kímilegra athugasemda, fjöldann allan af sýningargestum sem farið hafa um þennan garð skúlptúra og stórra keramíkverka, óraunverulegan heim sem byggir þetta völundarhús drauma og minnir okkur á að Joan Miró er ekki aðeins málari.

Raunar hafði Joan Miró fyrst ákveðið að skapa stórt skúlptúrverk árið 1962. Umhverfið sem vinur hans arkitektinn José Lluis Sert hafði hugsað sér — hann teiknaði grunnflötinn að Maeght-safninu og garðana — gaf honum nýtt tækifæri til að skapa verk, sem samræmdust þessu sérstaka suðræna rými, og uppfylltu rannsóknir hans á sviði sem hann hafði snúið baki við um sinn. Þannig var skúlptúr hans fyrir tilstilli örlaganna í fyrsta sinn tengdur við arkitektúr og náttúru, uppsprettu lífskrafts, sem gaf honum mikið frelsi í efnisnotkun og möguleika á að skilgreina betur aðra hlið á listsköpun sinni.

Á þessum magnþrungna stað, þar sem allt virðist geta gerst, tók Joan Miró sig til ásamt öðrum keramíklistamönnum, sem voru vinir hans og katalónskir eins og hann, Josep Llerens Artigas og Joan Gardy-Artigas, og setti hlutina saman á óhefðbundinn hátt, og þessi heimur, sem virtist kannski fáránlegur í augum fyrstu sýningargesta, hefur með tímanum orðið bæði óhjákvæmilegur og sjálfsagður. Þessi skúlptúrgarður er þannig staðfræðileg skrásetning að því er virðist ósamstæðra þátta, sem listamaðurinn hefur tekið saman, og vega hver annan upp eða tengjast sín á milli eins og gríðarstórt púsluspil. Þrátt fyrir óendanleg tilbrigði ríkir hér samræmi eða jafnvel rökvísi sem virtist varla skynjanleg við fyrstu sýn. Í kjölfarið hafa aðrir skúlptúrar, sem búa yfir annars konar blæbrigðum, bæst við þessa einstæðu heild og þar með hefur Maeght-safnið, þökk sé örlæti Joan Miró, eignast mikilvægasta skúlptúrsafn sem saman er komið í nútímalistasafni.

„Ég þarf einhvern upphafspunkt, þótt ekki væri annað en rykkorn eða ljósgeisla. Form þess færir mér fjöldann allan af hlutum, af einum hlut verður til annar. Þannig getur þráðarendi opnað fyrir mér heilan heim," hvort sem það nú er tákn, far eftir

fingur, blettur á jörðinni blandaður eldi, hversdagslegur hlutur sem tengdur er öðrum hlut, óvanalegum. Upp af öllum þessum tengslum, sem Joan Miró hefur komið á af eðlisávísun, stígur heimur fullur af myndbreytingum; þetta á einkum við um skúlptúrverk hans þar sem hann grípur inn í á endurleysandi hátt. Vökult innsæi hans gerir honum kleift að endurnýja á þessu sviði, sem virðist svo alvörugefið, launhæðið tungumál sem menn töldu löngu gleymt en allir söknuðu. Joan Miró umbyltir þannig heimi skúlptúrsins með að því er virðist ofur einfaldri efnisnotkun; ekkert er fyrirfram ákveðið og það með slíkri hugkvæmni að enginn fær leikið það eftir. Á sviði, þar sem skúlptúrlistamaðurinn virtist áður bundinn ströngustu reglum, á hann sér í dag sess, sem enginn getur látið sig dreyma um að véfengja.

Í þessum skúlptúrverkum, sem eiga ekkert að sækja til höggmynda, rýfur Joan Miró algjörlega tengslin við aldalangar hefðir. Hafa ber í huga að allir þeir málarar sem hafa látið heillast af ævintýri skúlptúrsins á tuttugustu öld (Picasso, Matisse, Ernst o. fl.) eru ósnortnir af ákveðnum áhrifum, og hafa hafnað þeim, eða af aðdráttaraflinu sem hefðbundinn efniviður hefði getað haft á þá. Sama gildir að sjálfsögðu um Joan Miró. Með þátttöku sinni í hreyfingu súrrealista leysti hann sig líka undan þessari kvöð og öllum öðrum kröfum sem voru þar til þá gerðar til myndhöggvarans um að myndin yrði að vera af einhverju.

„Meira virði en listin sjálf er það sem hún þyrlar upp, það sem hún dreifir ... Listin má deyja, það sem gildir er að hún strái fræjum á jörðina." Joan Miró getur verið rólegur því að list hans, sem þykist ekki þekkja til skilyrða skúlptúrsins og sem hann virðist hafa gert að leik, hefur gert honum kleift að grípa hið hverfula; og þótt óþarfi sé að lýsa töfrum verka hans, eru þau aðeins nýbyrjuð að hafa áhrif í dag á sviði sem leit út fyrir að vera óáhugavert og í óhirðu.

Joan Miró lætur eftir sig lifandi verk sem er í fullu samræmi við líðandi stund. Með hverjum degi kemur æ betur í ljós hversu varanlegt gildi það hefur og hversu frumlegt það er. Á tímum þegar mikil ólga er í skapandi list, og hann þekkti hversu



MAEGHT-SAFNIÐ Í SAINT-PAUL, SUÐUR-FRAKKLANDI

fallvölt hún er, stafar það alls ekki af óvissu hversu verk hans virðist berskjaldað, heldur vitnar það þvert á móti um glöggskyggni hans þegar listamaðurinn horfir af umburðarlyndi á heiminn. Verk hans festir sig í sessi, með öllu móti, með ómótstæðilegu afli, og birtir hið undursamlega ævintýri sem maðurinn lifir dag hvern á miklum umbrotatímum.

Joan Miró hafði miklar mætur á átthögum sínum í Catalóníu og á þessari sérstöku suðrænu menningu sem hann leitaði fanga hjá. En hann hafði jafnframt vakandi auga fyrir ólíkri siðmenningu, ólíkum heimi, ólíkri menningu, og þekkti þau af innsæi því að list hans, sem á uppruna sinn í sögu mannsins, er tengd annarri sögu, annarri plánetu.

Þessi sýning markar nýtt stig í þekkingu stærri hóps listnjótenda á mikilvægi Joan Miró sem vildi að verk sitt væri umfram allt friðarboðskapur.

Jean-Louis Prat

Forstöðumaður Maeght-safnsins

HÖFUÐ OG FUGL

1967

Litað brons

200x115x72 sm



FÆÐING DAGS I

1964

Olía á striga,

146x113,5 sm




PERSÓNA, FUGL

15.1. 1976

Kol og vatnslitir

119,5x80 sm



KONA OG FUGL

1967

Litað brons

135x50x42 sm




KONA, FUGL

12.8. 1975

Túsk, kol, pastel, krít, vatnslitir og gvass

77,5x106 sm



PERSÓNA

1967

Litað brons

215x55x50 sm






KONA MEÐ HUND

6.8. 1975

Kol og pastel

88x61,5 sm



ATLOT FUGLSINS

1967

Litað brons

315x112x42 sm




KONA, FUGL

5.6. 1973

Kol, túsk, vatnslitir og gvass

100x65 sm


Miró

KONA OG FUGL

1967

Litað brons

260x85x48 sm



SÖNGUR SLÉTTUNNAR

1964

Olía á striga,

193,5x130 sm



PERSÓNA, FUGL

31.8. 1972.

Olía, blý á karton

105,5x75,5 sm






PERSÓNA

22.10. 1975

Túsk, gvass og pastel á dagblaðapappir

59,5x83,5 sm



PERSÓNA, FUGL

19.8. 1972

Kol, gvass og bly

65x50 sm


Miró

VERKALISTI

1. NAFNLAUST
25.2. 1960.
Túsk og vatnslitir
70,5x100 sm

2. PERSÓNA Í NÓTTINNI
31.7. 1963.
Kol, túsk og vatnslitir
99,8x70 sm

3. PERSÓNA, FUGL
19.8. 1972
Kol, gvass og blý
65x50 sm

4. PERSÓNA, FUGL
31.8. 1972.
Olía, blý á karton
105,5x75,5 sm

5. PERSÓNA Á SVÖRTUM GRUNNI
17.1. 1973
Pastel og krít
63,5x92,5 sm

6. KONA, FUGL
5.6. 1973
Kol, túsk, vatnslitir og gvass
100x65 sm

7. KONA MEÐ HUND
6.8. 1975
Kol og pastel
88x61,5 sm

8. KONA, FUGL
12.8. 1975
Túsk, kol, pastel, krít, vatnslitir og gvass
77,5x106 sm

9. PERSÓNA, FUGL
15.8. 1975
Kol og túsk
168x100,5 sm

10. PERSÓNA
22.10. 1975
Túsk, gvass og pastel á dagblaðapappír
59,5x83,5 sm

11. HÖFUÐ, Í ÁTT TIL REGNBOGANS
14. 1. 1976
Túsk og pastel
120x80 sm

12. PERSÓNA, FUGL
15.1. 1976
Kol og vatnslitir
119,5x80 sm

13. PERSÓNA, FUGL, STJARNA
19.11. 1976
Kol, vatnslitir, gvass og pastel
64,8x50 sm

14. HÖFUÐ
4.1. 1977
Túsk, vatnslitir og gvass
99,9x70,5 sm

15. PERSÓNA, FUGL
30.12. 1977
Kol, túsk og gvass
90,7x63,2 sm

16. TILLAGA AÐ BOGA
1963
Brons
44x52x18 sm

17. KONA OG FUGL
1967
Litað brons
260x85x48 sm

18. VINDKLUKKA
1967
Brons
49x30x16 sm

19. TORSO AF KONU
1967
Brons
68x16x30 sm

20. SÓLKONA
1967
Brons
68x16x30 sm

21. PERSÓNA
1967
Brons
34x39,5x15 sm

22. HÖFUÐ OG FUGL
1967
Brons
62x81x21,5 sm

23. HÖFUÐ OG BAK AF DÚKKU
1967
Brons
33,5x22,5x18 sm

24. TILLAGA AÐ MINNISMERKI FYRIR BARCELONA
1967
Brons
132x30x23 sm

25. HÖFUÐ OG FUGL
1967
Brons
200x115x72 sm

26. ATLOT FUGLSINS
1967
Brons
315x112x42 sm

27. PERSÓNA
1967
Brons
215x55x50 sm

28. SITJANDI KONA OG BARN
1967
Litað brons
135x60x35 sm

29. KONA OG FUGL
1967
Brons
135x50x42 sm

30. HANS HÁTIGN
1967-1968
Litað brons
120x30x30 sm

31. KONA
1968
Brons
173x62x37 sm

32. PERSÓNA OG FUGL
1968
Brons
104x64x18 sm

33. PERSÓNA
1968
Brons
59,5x25x17 sm

34. HÖFUÐ
1968
Brons
87,5x31x23 sm

35. KONA OG FUGL
1968
Brons
32,5x25,5x15 sm

36. PERSÓNA
1968
Brons
77x20,5x18 sm

37. UNG STÚLKA Á FLÓTTA
1968
Litað brons
135x60x35 sm

38. PERSÓNA
1969
Brons
148x43x35 sm

39. FUGL GERIR HREIÐUR Á BLÓMGUÐUM FINGRUM
1969
Brons
81x46x25 sm

40. MÓÐURÁST
1969
Brons
83x45x27 sm

41. MAÐUR OG KONA Í NÓTTINNI
1969
Brons
78x45x45 sm - 87x32x32 sm

42. KONA
1969
Brons
110x60x30 sm

43. MINNISMERKI
1970
Brons
250x100x50 sm

44. KONA
1970
Brons
92x48x23 sm

45. KONA
1970
Brons
57x29x13 sm

46. KONA OG VASI
1970
Brons
86x75x36 sm

47. KYRRLÁTT SAMSTIRNI
1970
Brons
69x36x15 sm

48. HÖFUÐ MEÐ KÓRÓNU
1970
Brons
56x45x35 sm

49. PERSÓNA
1970
Brons
112x46x14 sm

50. PERSÓNA OG FUGL
1970
Brons
160x122x128 sm

51. PERSÓNA OG FUGL
1970
Brons
70x68x20 sm

52. PERSÓNA
1971
Brons
33x20x17,5 sm

53. HÖFUÐ OG FUGL
1971
Brons
47,5x37x33 sm

54. FUGL Á KLETTI
1971
Brons
65,5x52,5x27,5 sm

55. KONA
1971
Brons
57,5x30x25 sm

56. PERSÓNA
1972
Brons
36x36x21 sm

57. KONA MEÐ HATT
1972
Brons
80x36x16 sm

58. KONA OG FUGL
1972
Brons
158x78x70 sm

59. KONA OG FUGL
1972
Brons
170x59x48 sm

60. MAÐUR OG KONA
1972
Brons
58x75x19 sm

61. FUGL MEÐ RAUÐAR FJAÐRIR BOÐAR KOMU UNDURFAGURRAR KONU
1972
Brons
222x62x35 sm

62. KONA
1974
Brons
95x47x50 sm

63. PERSÓNA OG FUGL
1974
Brons
78x41x56 sm

64. PERSÓNA
1974
Brons
64x48x38 sm

65. HUNDURINN
1974
Brons
32x43,5x25 sm

66. SÖNGUR SLÉTTUNNAR
1964
Olía á striga,
193,5x130 sm

67. FLUG FUGLS VIÐ FYRSTA BJARMA AF DEGI
1964
Olía á striga,
162x130 sm

68 .FÆÐING DAGS I
1964
Olía á striga,
146x113,5 sm

69. FÆÐING DAGS, II / III
1964
Olía á striga,
162x130 sm

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Verndari
Vigdís Finnbogadóttir
forseti Íslands

Heiðursforseti
Vladimir Ashkenazy

Formaður
Ólafur G. Einarsson
menntamálaráðherra

Framkvæmdastjórn
Helga Hjörvar formaður
Valgarður Egilsson varaformaður
Selma Guðmundsdóttir
Atli Heimir Sveinsson
Sigurjón B. Sigurðsson

Framkvæmdastjóri
Rut Magnússon

Blaðafulltrúi
Hávar Sigurjónsson

Menningarmálanefnd Reykjavíkur
Hulda Valtýsdóttir, formaður
Guðrún Erla Geirsdóttir
Ingibjörg Rafnar
Jóna Gróa Sigurðardóttir
Júlíus Hafstein

Selma Guðmundsdóttir
Gunnsteinn Gíslason

Forstöðumaður Listasafna Reykjavíkur
Gunnar B. Kvaran

Myndval og hönnun sýningar
Jean-Louis Prat
Gunnar B. Kvaran
Kristín G. Guðnadóttir

Ljósmyndun
Claude Gaspari
Claude Germain
F. Catalá-Roca

Þýðing
Gunnar Harðarson

Yfirlestur handrita og prófarkalestur
Aðalsteinn Davíðsson

Litreiningar og skeiting
Prentmyndastofan hf.

Prentun og bókband
G.Ben Prentstofa

Uppsetning
Bragi Halldórsson

Hönnun
Birgir Andrésson



LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 1992

LISTASAFN REYKJAVÍKUR

KJARVALSSTAÐIR

MAÍ - JÚLÍ 1992